

Skýrsla mótanefndar Funa 2013

Mótahald Funa á árinu 2013 var með svipuðu sniði og oft áður.

Gæðingakeppni 9. júní

Gæðingakeppnin fór fram sunnudaginn 9. júní og gekk nokkuð vel. Nú er dómhúsið farið af áhorfendabrekkunni og ekki hægt að segja að eftirsjá sé í því. Nú vorum við með nýjan þul Steingrím Magnússon, sem stóð sig ágætlega og vonandi er hann kominn til að vera næstu árin.

Melgerðismelar 2013, 17. – 18. ágúst

Störmótið okkar var nú haldið í fimmta skiptið. Skráningar voru 129, en 151 árið áður. Nú var notast við heimatilbúið utanumhald við skráningu dóma, sem er klárlega til bóta þó byrjunarörðugleikar hafi gert vart við sig.

Enn erum við ekki búin að koma okkur upp startbásum en vonandi styttest í að við förum að smíða þá.

Styrktaraðilum er þakkað kærlega fyrir þeirra stuðning, en að þeir voru þeir sömu og árið áður. Bústólpi, Eimskip og Lífland gáfu verðlaunagripi, en peningaverðlaun í kappreiðum gáfu Gestur Júlíusson dýralæknir, Grund II, Hrafnagil, Kálfagerði, og Litli-Dalur.

Bæjakeppni 25. ágúst

Bæjakeppnin var haldin í samstarfi við stjórn.

Fjöldi bæja styrkti félagið eins og endranær með þátttöku sinni og er þeim þakkað kærlega fyrir þeirra framlag.

Að lokum

Úrslit móta má sjá á vef hestamannafélagsins og við minnum á hugleiðingar okkar frá því í fyrra um viðhald á völlum og framtíðarmarkmið.

Mótanefnd Funa þakkar húsnefnd fyrir hennar þátt í mótahaldinu, en hún hefur séð um veitingar og allt utanumhald um Funaborg.

Þá þakkar nefndin öllum sem hafa unnið óeigingjarnt starf við undirbúning mótanna og mótahaldið sjálf og öllum styrktaraðilum sem styrktu mótahaldið

Mótanefnd Funa